



BigEar - lærðu & gerðu þína eigin tónlist - VEGA Kennsluáætlun

Efni: Þjálfun tóneyra og tónlistarsmíði með Big Ear app

Viðfangsefni: Tónlist

Aldur / bekkur: 11+ / miðstig

Stutt lýsing á leiknum:

[BigEar](#) leikurinn hvetur nemendur til að skapa, upplifa og öðlast skilning á tónlist. Sérstaklega tekur leikurinn á tónhæð nemenda. Appið snýst um að fá innblástur frá lögum sem nemendur kannast við til að geta kannað hvernig tónlist virkar og hvetur notendur til að búa til sína eigin tónlist. Appið er auðvelt í notkun og þroska nemendur fljótt tónlistar hæfni sína við notkunina. Forritið hjálpar til við að kanna hvernig tónlist virkar og hvetur notendur til að búa til tónlist. Þú þarft engin tæki til að nota appið. Það hentar öllum nemendum óháð kunnáttu eða tónlistarbakgrunni. BigEar er þróað í Helsinki í Finnlandi af hópi fólks með tónlistarmenntun í samvinnu við leikjaframleiðendur. Forritið er fánlegt fyrir iOS og Android tæki (þar á meðal ChromeBooks).

Kynning á kennsluáætluninni

Í þessari kennsluáætlun eru nemendur hvattir til að upplifa og öðlast skilning á tónlist. Nemendur eru hvattir og styrktir í sjálfsvirðingu og öðlast skilning á því að tónlist þarf ekki að vera erfið. Nemendur þálfja tóneyrað, læra að finna tóninn og þekkja mismunandi tóna og takta. Tónarnir og taktarnir verða að byggingareiningum sem hjálpar til við skilning nemenda á því hvernig tónlist er uppbyggð. Appið sameinar á frábæran hátt hljóðrænt og sjónrænt sem eykur skilning. Nemendur fá að kanna hvernig tónlist virkar og eru hvattir til að vera skapandi og semja sína eigin tónlist. Fyrstu fimm kennslustundirnar í kennsluáætluninni eru byggðar á ókeypis útgáfu af appinu. Síðar er aðeins komið inná hvernig þú sem kennari getur notað keypta útgáfu af appinu til að þróa tónlistarkennslu þína enn frekar.

Markmið verkefnis:

Nemendur:

- Þálfja tóneyrað
- læra að greina og líkja eftir tónhæð einstakra tóna
- Læri að á grundvelli fyrri tóns geti nemandi ákvarðað hvort eftirfarandi tónn sé lægri eða hærri
- Þálfji tónminni með því að hlusta á laglínuna og endurskapa hana
- Læra að skynja 3. millibil og hljómpríræður og fá þann forskilning sem þarf til að læra fræðilega hlutann á öðru stigi
- Læri með eyranu að greina lengd tóna (nótnagildi) og takta laglína
- Læri að skynja með eyranu muninn á dúr og moll
- Geti endurskapað laglínu á lyklaborði í Garageband, þeirri sem þeir lögðu á minnið í Big Ear appinu

Markmið aðalnámskrá grunnskóla

Nemendur geta:

- tekið þátt í tónsköpun af einhverju tagi
- notað algeng tæki, hljóðfæri, rödd og forrit til að skapa eigin tónsmíð og/eða hljóðverk
- greint og útskýrt ólík tónlistar stílbrigði, hljóðfæri og hljóðgjafa
- þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun,
- leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skóla hljóðfæri
- greint ólíkar stíltegundir, myndað sér skoðun á þeim og rökstutt hana

Formlegt mat fyrir kennara og nemendur

Fjöldi nemenda og kennslustunda

- 20 nemendur
- 5 x 45 mín kennslustundir

Búnaður og tæki

- Ipad eða snjallsíma með nettengingu fyrir hvern nemanda
- Heyrnartól

- skjávarpa og apple tv (ef þetta er ekki til er appið sýnt í litlum hópum fyrir nemendur)

Undirbúningur kennara

- Lestu þessa grein áður en kennsla hefst
 - [Big Ear games brings the sound of music to children](#)
- Horfðu á eftirfarandi myndbönd:
 - [The spark to learn and make music! Darude tells his story](#)
 - [Darude plays Big Ear _____](#)
 - [Big Ear game trailer](#)
 - [Tutorial](#)
 - [beginner's tone meeting exercise and test](#)

Kennsluáætlun (fimm kennslustundir 5 x 45 mín) + upplýsingar um keypta appið fyrir kennara og nemendur

Undirbúningur og upplýsingar



- Í ókeypis útgáfu appsins eru ekki allir eiginleikar tiltækir, en appið er samt mjög gagnlegt í tónlistarkennslu.
- Kennarinn gerir nemenda aðgang og nefnir eftir númeri á tæki t.d Ipad 1 - nemandi 1. Leikurinn er ætlaður til notkunar í kennsluáætluninni þannig að hver nemandi hafi sinn ipad sem krefst þess að þú sért með ipad 1:1

- Í áætluninni er æfingastillingin í leiknum að mestu notuð en einnig aðrar stillingar eins og Composer og Universal sem og Classical.
- Í lok kennsluáætlunarinnar er útskýrt hvernig á að nota keypta aðganginn og ávinninginn sem það veitir kennurum og nemendum


Kennslustund 1: (45 min)

Kynning á Big Ear appinu



- Kynning á Big Ear appinu með myndböndum
- Sýndu appið og segðu nemendum frá aðgerðum og stillingum eins og að þeir geti breytt hraða, hljóðstyrk, breytt aðrætti (zoom in and out), hvernig þeir hækka og lækka hljóðið í lagi eða bakgrunni.



- Kennarinn gefur nauðsynlegar leiðbeiningar eins og að nemandinn eigi fimm líf (hjörtu) sem eyðist ef nemandinn reynir bara að komast áfram án þess að hugsa. Þegar nemandinn hefur eytt öllum fimm hjörtunum líða 10 mínútur þar til hann getur spilað aftur. Íhugun borgar sig því nemandinn fær verðlaunapening þegar hann hefur lokið skrefunum. Verðlaunapeningarnir safnast upp og gefa fleiri hjörtu.
- Nemendur opna appið.
- Þegar nemendur hafa staðist fyrsta þrepið (tveir mismunandi hlutar) fara þeir á næsta stig og fara síðan áfram á sínum hraða. Þeir geta aukið fjölda tóna (skref) úr þremur í átta. Hins vegar verða þeir að fylgja leiðinni frá auðveldu stigi og í C-dúr.



- Í sýnikennslunni útskýrir kennarinn hvernig á að ýta á Finga til að heyra tóninn og hvernig á að raða nótunum til að endurskapa laglínuna. Þegar þú ert viss um að þú hafir valið rétta kubbinn ýtirðu á Solo svo hann geti hoppað yfir á hina hliðina.



- Ljúktu tímanum með hlustunaræfingu þannig að kennarinn spilar mismunandi nótur á hljóðfæri og nemendur loka augunum og sýna með hendi hvort tónninn er hærri eða lægri en sá fyrri.


Mat með nemendum eftir kennslustundina:

- 1) **Fyrst velta nemendur fyrir sér eftirfarandi spurningum í litlum hópum sem kennarinn velur**
 - Hvernig fannst ykkur appið?
 - Hvað upplifðu þeir sem auðvelt / erfitt?
 - Hvað upplifðu þeir sem þeir lærðu / urðu betri í?
- 2) **Bekkurinn tekur saman það sem þeir komust að í sameiningu (kennarinn leiðir umræðuna).**

Kennslustund 2: (45 min)

Að slá á tón

- Byrjaðu kennslustundina á því á þessari æfingu [Beginner's tone meeting exercise and test](#) (6:55)
- Kennarinn útskýrir hvernig skipt er á milli BigEar appsins og GarageBand appsins og hvaða lyklaborð á að nota.



- Haltu áfram að æfa þig með BigEar appinu (æfing, easy 3 single note).
- Þegar þeir hafa lokið þeirri æfingu (tvö mismunandi skref), skipta þeir yfir í GarageBand og nota takkana til að endurskapa laglínu.
- Í lok kennslustundar geta sjálfboðaliðar kveikt á hljóðinu og spilað laglínu á hljómborð GarageBand.

Mat með nemendum eftir kennslustund 2:

- Hvernig tókst þeim að finna laglínuna á hljómborðinu?
- Hvernig upplifðu þeir leikinn í þessari kennslustund miðað við fyrstu kennslustundina?

Kennslustund 3: (45 min)

Þríundir og þríhljómar, nemendur upplifa muninn á dúr og moll tónstigum

- Kennarinn útskýrir hvað þríund er og spilar dæmi á hljómborðið (án þess að útskýra frekar um tengsl milli nótnanna). (Tilgangurinn er ekki að nemendur læri að ná tókum á kenningunni á bak við þríundir heldur að byggja upp forskilning á þessu með því að hlusta og læra að þekkja hvernig þau hljóma).

[Ear Training-Major 3rd Interval](#)

[Recognizing Intervals](#)

[What is a Triad](#)


[The primary Triads](#)

[What are Triads](#)

Hvað er þríund? Þríund samanstendur af tveimur nótum með tveggja heilnótu millibili. T.d eru nóturnar C og E með þessu tónbili.



Hvað er þríhljómur? Þríhljómur er búinn til úr þremur nótum. Nóturnar raðast annað hvort á bil nótnastrengsins eða nótnastrengirnir skera nóturnar í tvennt. Tónbilið á milli nótnanna er þríund. Þríhljómurinn er búinn til úr rót, þríund og fimmund.

- Kennarinn sýnir á skjánum hvernig eigi að stilla þríund í æfingar stillingu og spyr eftir sýnikennsluna hvernig hægt sé að sjá sjónrænt að þríund hefur tvær nótur.



- Nemendur æfa sig í þessu í stutta stund.


- Kennarinn fer yfir í næsta skref sem er þríhljómur (Chord Triad).





- Eftir sýnikennslu frá kennara spyr hann hvernig hægt sé að sjá sjónrænt að þríhljómur samanstandi af þremur nótum



- Fyrir nemendur sem þurfa fleiri áskoranir er hægt að fjölga þrepum úr 3 þrepum upp í 8 þrep.



- Kennarinn spyr hvort nemendur hafi heyrt um dúr og moll tónstiga og hvort þeir tengi við eitthvað þegar þeir heyra orðin.
- Horfðu á eftirfarandi youtube myndbönd með nemendum, án þess að útskýra mismuninn á milli dúr og moll.
 - <https://youtu.be/JOcfrK3F5Hw>
 - <https://youtu.be/wLoPelxUx4k>
 - <https://youtu.be/N37LiX43Aa0>
- Hvað geta nemendur nú sagt um muninn á dúr og moll
- Kennarinn sýnir á skjánum hvernig á að skipta á milli dúr og moll í æfinga stillingu.



- Nemendur prófa sig áfam í æfinga stillingu hvernig lag hljómar í moll
- Ljúktu kennslustundinni, eða byrjaðu næstu kennslustund, með því að spila laglínur / hljóma í moll eða dúr og láttu nemendur sýna hvort þeir skynja laglínuna / hljóminn sem dúr eða moll, með því að sýna með glöðu eða sorgmæddu andliti.



Kennslustund 4: (45 min)



Leggðu laglínur á minnið og semdu þær sjónrænt í Composer

- Nemendur prófa Composer.
- Spilaðu eða syngdu létt lag sem nemendur þekkja nú þegar, leyfðu þeim að reyna að byggja laglínuna í “Tool” sem þú finnur í verkfærastikunni. Vistaðu laglínuna og nefndu það, eftir að hafa farið í gegnum hvernig “Tools” virkar.
- Farðu í gegnum ensku hugtökin í leiknum og þýddu yfir á tungumálið þitt eða búðu til orðalista yfir ensku orðin sem notuð eru í appinu.



- Útskýrðu fyrir nemendum hvað hinir ýmsu kassar í verkfærastikunni standa, stærri kassar = $\frac{1}{4}$ nóta, minni = $\frac{1}{8}$ nóta og $\frac{1}{16}$ nóta (nemendurnir þurfa ekki að læra þetta utanbókar en þurfa að huga að nútugildum í leiknum og munu í gegnum æfinguna fá tilfinningu fyrir gildi nótnanna).
- Útskýrðu að þú ýtir á punkt til að setja inn nótu, ýtir aftur til að eyða nótnunni og að þú getur dregið nótu á þann stað sem þú vilt setja hana á.
- Þú getur aðeins valið Solo mode fyrir laglínuna sjálfa eða Pentatonic tónstigann (max. 3 nótur lóðrétt)

What is a Pentatonic scale?



- Í lok kennslustundar hlusta nemendur á tónverk hvers annars annað hvort í gegnum Apple TV eða með því að skipa um heyrnatól við hvort annað.
- Nemendur geta einnig gert skjáupptöku sem nemendur senda til kennarans eða flytja yfir á google Drive reikning

Mat með nemendum eftir kennslustund 4:

- Hvað þarftu að kunna til að semja lag?
- Hvernig sérðu að tónhæðin breytist á nótunum?
- Hversu auðvelt / erfitt var þetta á skalanum 1-5? (Nemendur loka augunum og lyfta 1 fingur fyrir auðvelt - 5 fingur = erfitt)


Auka æfing: Leyfðu nemendum sem þurfa meiri áskorun að prófa tóneyrað og hljómborðs þekkingu með þessari æfingu


- https://www.youtube.com/watch?v=QDDvSxLGxEU&list=RDQDDvSxLGxEU&start_radio=1&r=QDDvSxLGxEU & t = 27

Kennslustund 5: (45 min)

Taktur, undirleikur, bassi, hljómar og laglínu partur. Frá einstökum byggingareiningum til fullunnar laglínu.

- Notaðu Universal tool og gerðu fría laglínu með mismunandi skrefum.










- Byrjið á púsl borðinu
- Borðið samanstendur af mismunandi hlutum. Til dæmis byggir þú upp takta, bassalínur, hljóma og laglínur og svo á endanum hefurðu byggt upp alla laglínuna. Þegar þú hefur lokið öllu borðinu færðu aðgang að Composer borðinu. Þá sérðu hvernig ólík hljóðfæri mynda saman púslbúta sem mynda lag, fullbúið púsl.





- Leikurinn virkar eins og æfinga forritið
- Þú ýtir á Finga til að hlusta á laglínuna
- Þú dregur tónlistar boxin í rétta stöðu
- Þú ýtir á Solo svo að hann geti hoppað yfir á hina hliðina.








- Þegar Solo kemur á það stig í brautinni að byggja þarf upp millibil getur verið að nemandinn þurfi aðstoð kennarans.
- Ekki hika við að deila iPad nemandans á Appletv og fara í gegnum æfinguna ásamt öðrum í bekknum.





Ábending: ef þessi æfing reynist of erfið fyrir einhvern nemanda. Er gott að fara aftur í æfingarprógrammið og breyta erfiðleikastiginu. Þeir nemendur sem þurfa meiri áskorun geta haldið áfram á ókeypis laglínunum í klassískum lögum.



Samantekt og mat með nemendum eftir kennslustund 5:

- Nemendur meta færni sína með eftirfarandi æfingum. Ef nauðsyn krefur geta þeir notað lyklaborðið í Garageband samhliða.
- [self-assessment test 1](#)
- [self-assessment test 2](#)
- [self-assessment test 3](#)
- [advanced self-](#)

Mat

Viðmið 5-10	5	6	7	8	9	10
Virkni & vinnusemi	Nemandinn átti í erfiðleikum með verkefni og sýndi ekki vinnusemi.	Nemandinn átti erfitt með að finna hvatningu og sýndi verkefnum aðeins stöku sinnum áhuga.	Nemandinn sýndi verkefnum að mestu áhuga.	Nemandinn tók þátt og sýndi verkefnum áhuga.	Nemandinn sýndi verkefnum mikinn áhuga og var mjög vinnusamur.	Nemandinn sýndi mikinn áhuga og vinnusemi. Hann bar mikla ábyrgð á að vinna öll verkefni vel.
Framkvæmd verkefna	Nemandinn kláraði fá verkefni	Nemandinn kláraði sum verkefni	Nemandinn kláraði nánast öll verkefni	Nemandinn kláraði öll verkefni	Nemandi vann öll verkefni og lagði sig fram um að vinna þau vel.	Öll vinnubrögð nemenda til fyrirmyndar og sýndi að hann skyldi innihald verkefnana.

Skilningur og færni	Nemandinn sýndi skýra vankanta á skilningnum og gat hvorki greint tónhæð fyrir einstakar nótur né endurskapað laglínu.	Nemandinn sýndi ákveðna annmarka á skilningnum og gat aðeins stöku sinnum greint tónhæðina fyrir einstakar nótur og átti erfitt með að endurskapa laglínu.	Nemandinn sýndi ákveðinn skilning og gat með góðu móti greint tónhæð einstakra tóna og endurskapað laglínu nokkuð vel	Nemandinn sýndi merki um góðan skilning og gat yfirleitt greint og hermt eftir tónhæð einstakra tóna og tiltölulega vel endurskapað laglínu.	Nemandinn bar vott um mjög góðan skilning og gat greint og líkt eftir tónhæð einstakra tóna, greint lengd og takt tónsins og endurskapað laglínu.	Nemandinn sýndi framúrskarandi skilning og gat með ágætum greint og hermt eftir tónhæð einstakra nóta, greint lengd og takt nóttunnar og auðveldlega endurskapað laglínu.
---------------------	--	--	---	--	---	---

Notkun tækja og apps	Nemandinn sýndi augljósa erfiðleika við að skilja hvernig appið virkaði og fylgdi alls ekki leiðbeiningunum. Nemandinn sýndi áhugaleysi og var kærulaus í notkun tækjanna.	Nemandinn átti í nokkrum erfiðleikum með að skilja hvernig appið virkaði. Nemandinn reyndi að fylgja leiðbeiningunum en gat ekki haldið áhuganum uppi allan tímann. Nemandinn var stundum kærulaus við notkun tækjanna.	Nemandinn skildi að mestu hvernig appið virkaði og fór að mestu eftir leiðbeiningum, en skorti stundum þrautseigju. Nemandinn fór yfirleitt varlega í notkun tækjanna.	Nemandinn sýndi góðan skilning á því hvernig appið virkaði og fylgdi leiðbeiningunum. Nemandinn fór varlega í notkun tækjanna.	Nemandinn náði góðum tókum á appinu. Nemandinn fylgdi alltaf leiðbeiningum og var varkár í notkun tækjanna.	Nemandinn framúrskarandi skilning á appinu. Nemandinn fylgdi alltaf leiðbeiningunum og var hjálpsamur við bekkjarfélaga sína. Nemandinn var mjög varkár í notkun búnaðarins.
----------------------	--	---	--	--	---	--

Upplýsingar um það sem Premium áskrift (leyfi á ársgrundvelli) appsins bætir við tónlistarkennsluna:

Hagur fyrir kennara


- Það er auðvelt fyrir kennara að virkja nemendur.
- Kennari getur búið til mismunandi námshópa og sent nemendum boð með því að senda þeim kóða.

- Kennari getur sérsniði kennslustundir fyrir mismunandi námshópa og aðlagð æfingar eftir þema og erfiðleikastigi.
- Kennari getur t.d. valið hvaða hljóðnemendur vinna með út frá því hvaða lög er verið að vinna með hverju sinni í tónlistarkennslunni.
- Kennari getur auðveldlega fylgst með framvindu hvers og eins nemanda í appinu og þannig valið hvernig nemandinn á að halda áfram eftir árangri.
- Kennari getur deilt einu tæki af mörgum nemendum.


Hagur fyrir nemendur:

- Allar aðgerðir og allt efni í appinu er opið, sem gefur nemandanum mikla valmöguleika hvað varðar þemu og erfiðleikastig.
- Appið hentar nemendum með mismunandi tónlistar bakgrunn, allir geta spilað á sínu stigi og komist áfram á sínum forsendum.
- Fyrir mjög virkan nemanda, þá þarf hann ekki að deila hjóðfæri eða bíða eftir að röðin komi að honum.
- Tónlistarhugtök eru sjónræn og hljóðfræðilega vel myndskreytt.
- Nemendum er gefin endurgjöf strax og getur fylgst með framförum sínum
- Piano hljómborð er aðgengilegt á skjánum til stuðnings.
- Allar laglínur eru ólæstar sem gefur meiri tækifæri til að æfa laglínu.
- Tónskálda stillingin er ókeypis í notkun og gefur nemandanum mjög góð tækifæri til að búa til sína eigin tónlist á einfaldan hátt.
- Nemandi getur tekið þátt í Big Ear samfélaginu og tekið þátt í laglínunum annarra og hlaðið upp sínum eigin.



Hér eru nokkur dæmi um hvernig verkfærakista kennarans lítur út:



- Búa til hóp og verklýsingu.
- Síðar deilir þú kóðanum með hópnum.



- Veldu tegund verkefnis
- Veldu hvaða þemu hópurinn á að vinna með
- Veldu hjóðfæri og aðrar stillingar
- Þú getur valið að forskoða og prófað æfinguna í forskoðun
- Eða þú velur strax með select.



- Skírðu verkefnið


- Innihald þemu er skráð sjálfkrafa
- Veldu hve oft hægt er að framkvæma æfinguna
- Í kóðanum yfir tiltæk verkefni getur kennarinn fylgst með framgangi hópsins.

Svona lítur þetta út frá sjónarhorni nemandans:




Study Groups ✕


Welcome Student!



Check up your task list
Enjoy the music



Study Groups ✕

 Join a group

Group

MODIM Music scenario	OPEN
VEGA Music scenario	OPEN

VEGA ✕

Tasks

Game Stats

Choose a task type

Composer

Game Songs

Practice

← Practice ✕

Tasks Easy Medium Hard

Game Stats

Task Name	Completed runs	
Finish this task before next week!	0 / 3	OPEN
Medium melody	1 / 3	OPEN

Þegar nemandi hefur lokið æfingu, gæti mynd skjásins litið svona út hjá nemandanum:

- Nemendur fá strax endurgjöf um það hvernig æfingin gekk.

Tasks	Easy	Medium	Hard
Game Stats	Task Name	Completed runs	🔄
	Finish this task before next week!	3 / 3	RESULTS
	Medium melody	1 / 3	OPEN

Tasks	Run	Mistakes	Playtime
Game Stats	1	2	2m 47s
	2	0	2m 11s
	3	0	0m 48s

Verkfærakista kennarans getur litið svona út:

- Kennari sér hve mörg prósent af nemendum hópsins hafa lokið æfingunni.
- Kennari getur einnig séð niðurstöður einstakra nemanda

Tasks	Game Stats	Manage Group
+ Create a New Task! Templates *	Easy Medium Hard	Task Name Students Completed
		Finish this task before next week! 🗑️ 50% VIEW
		Medium melody 🗑️ 0% VIEW

Tasks	Game Stats	Manage Group
Finish this task before next w	Theme: Chords, Difficulty: Easy, Progression: Random, PREVIEW	Vegastudent 3 / 3 VIEW
		Vegastudent2 0 / 3 Pending

Tasks	Game Stats	Manage Group
Finish this task before next week!	Theme: Chords, Difficulty: Easy, Progression: Random, Major C, 4/4 PREVIEW	Run Mistakes Playtime
		1 2 2m 47s
		2 0 2m 11s
		3 0 0m 48s

- Nemendur geta fylgst með eigin árangri í tónstigum, laglínur, millbil, hljóma og takta.

My Missions [Close]

		Easy	Medium	Hard	
Scale					
Melody	Scale C Major	✓			▶
Intervals	Scale A Minor				▶
Chords	Scale G Major				▶
Rhythm	Scale E Minor				▶
	Scale D Major				▶

My Missions [Close]

		Easy	Medium	Hard	
Scale					
Melody	Melody C Major	✓			▶
Intervals	Melody A Minor				▶
Chords					
Rhythm					

My Missions [Close]



My Missions [Close]

		Easy	Medium	Hard	
Scale					
Melody	Rhythm	✓			▶
Intervals					
Chords					
Rhythm					


My Missions [Close]

		Easy	Medium	Hard	
Scale					
Melody	Chords C Major	✓			▶
Intervals	Chords A Minor				▶
Chords					
Rhythm					

- Þegar nemendur þurfa hjálp hljómborðsins, geta þeir valið venjulegt svart og hvítt eða litríkt. Lyklarnir eru tengdir við boxin svo auðveldara sé fyrir nemendur að finna réttan tón.



- Svona getur skjárin litið út þegar nemandi velur æfingaleið og velur lag til að byrja á. Þegar nemandinn hefur lokið þrauta- og tónleikastigi fær hann aðgang að tónskáldastigi. Hér hefur þú aðgang að öllum hljóðfærum sem valin eru og getur hlustað á þau eitt í einu eða öll í einu. Þetta er frábært tækifæri til að prófa alvöru hljóðfæri í bekknum og breyta stafrænni tónlist í hliðræna. Hér getur kennarinn einnig leitt nemendur lengra inn í tónfræði með nótnagildum, tónnöfnum, takttegundum, hljómunum o.s.frv.





Að lokum tilvitnun í [Jon-Roar Bjørkvold \(1991\) from The Musical Man](#), varðandi tónlistarkennslu barna

Þegar einhver segir: Spilaðu eins og stendur á nótunum! kemur í stað innri þrá eftir tónlistarupplifun spilarans fyrir ytri áráttu til að spila rétt. Barnið verður miðill nótnanna í stað þess að tónlistin verði barnsins. Tónlistin verður þá bara að annarri upplifun. ”

